

Fræðslunefndarfundur 31.08.2026

Skólastarf í Húnaskóla í byrjun skólaárs 2026–2027

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Húnaskóla

- Nemendur Húnaskóla eru nú 164.
- Kennarar eru 20; 14 kennarar og 6 leiðbeinendur, þar af 4 leiðbeinendur í kennsluréttindanámi. 15 eru í 100% stöðu en 5 í hlutastöðu.
- Stjórnendur eru 4: skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar, deildarstjóri eldra stigs og deildarstjóri yngra stigs. Aðstoðarskólastjóri er í ársleyfi.
- Skólaliðar eru 3 í 80% starfi og tveir af þeim eru með húsvörslu, 10% hvor.
- Stuðningsfulltrúar eru 13, allir í rúmlega 50% stöðum.
- Þroskaþjálfari - 1 í fullu starfi
- Ritari - 1 í 75% starfi

Frístund:

- Um sextíu börn eru skráð í Frístund.
- Þar er einn umsjónarmaður í hlutastarfi.
- Annað starfsfólk: 9, allir í hlutastarfi – mismiklu (mikil stuðningsþörf).

Frístund er nú bæði í Gamla skóla og úti á Svæði.

Á fundi fræðslunefndar fyrir ári var skólastjóri með góða kynningu á stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins. Þeir fulltrúar fræðslunefndar sem vilja kynna sér stoðþjónustuna geta kynnt sér frétt á vef skólans frá 2. september 2025. Reyndar er ein breyting á stoðþjónustunni; sveitarfélagið er væntanlega að breyta um samningsaðila varðandi talþjálfun. Þess má geta að starf stoðþjónustunnar er mjög stór hluti af starfsemi skólans, bæði faglega og rekstrarlega.

Verkefni og starfspróun

Leik- og grunnskóli voru með sitt reglubundna skyndihjálparnámskeið um miðjan ágúst. Gott að vera með þetta fast í áætlun og gera þetta saman. Hefur reynst vel.

Allir umsjónarkennarar í 1.–6. bekk eru með í Byrjendalæsi. Við innleiddum Byrjendalæsi veturinn 2023–2024 og 2024–2025. Allir kennarar sem koma nýir inn á yngra stigi fara á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið svo þeir verði gjaldgengir í hópnum. Þar sem við erum í fastri áskrift hjá MSHA (Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) höfum við aðgang að öllu efni, námskeiðum og fyrirlestrum frá MSHA.

Læsi fyrir lífið er framhald af Byrjendalæsi. Við erum búin með eitt ár af fjórum og næstu þrjú árin munum við skerpa á og innleiða fleiri viðurkenndar kennsluaðferðir

sem miða að því að bæta læsi. Búið er að setja niður námskeið vetrarins og var eitt þeirra á undirbúningsdögum nú í ágúst.

Fjórir starfsmenn eru í kennsluréttindanámi í vetur og verða þeir væntanlega fleiri þegar líður á veturinn auk þeirra sem eru í Byrjendalæsi og sitja Læsi fyrir lífið-námskeið vetrarins.

Þess má geta að fjórir nemendur eru í framhaldsskólaáföngum frá FNV.

Haustþing starfsfólks grunnskólanna á Norðurlandi vestra er ekki haldið á þessu skólaári og var ákveðið að halda það annað hvert ár. Ástæðan er m.a. mikill undirbúningur og kostnaður. Í staðinn leggjum við áherslu á Læsisráðstefnu í Háskólanum á Akureyri 11. og 12. september. Mun hluti starfsfólks fara á þá ráðstefnu en annað starfsfólk vinna verkefni á skipulagsdegi í skólanum þann 11. september.

Við munum halda áfram með samskiptaverkefnið Láttu þér og öðrum líða vel í 5. og 6. bekk. Við fengum styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskólanna fyrir það verkefni á síðasta ári og er markmiðið að festa það í sessi.

Einnig höldum við áfram með Krakkaspjall, Félagaspjall og Unglingaspjall, samskiptaverkefni í öllum bekkjum, en við fengum styrki til þessara námskeiða fyrir þremur árum og fóru þá allir umsjónarkennarar á námskeið.

Skólinn leggur áherslu á að taka þátt í ForNor og er fulltrúi skólans búinn að sitja einn fund með verkefnisstjóra.

Um áramótin 2024–2025 voru birt endurskoðuð greinasvið aðalnámskrár grunnskóla, þ.e. kaflar 17–26. Hófst þá vinna hjá MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu) við að uppfæra og útbúa nýjan vef aðalnámskrár. Unnið var með nýjar áherslur síðastliðinn vetur í Húnaskóla og haldnir reglulegir fundir sem Brynhildur Erla Jakobsdóttir hafði umsjón með. Á vordögum tók teymi frá Húnaskóla þátt í leiðsögn frá MMS við innleiðingu SNKN, stuðningsefnis um skipulag náms, kennslu og námsmats. Stuðningsefninu er ætlað að styðja við framkvæmd hæfnimiðaðs skólastarfs út frá aðalnámskrá grunnskóla. Stuðningsefnið er sett fram til að skýra lykilhugtök í Aðalnámskrá grunnskóla. Það lýsir skólastefnu stjórnvalda og hvernig skólum ber að setja sér stefnu á grunni aðalnámskrár. Í stuðningsefninu er fjallað um skipulag náms, kennslu og námsmats í þremur þrepum sem samræmast þeim námskrárfræðum sem á ensku kallast „Backward design“ eða „Understanding by design“. Allt eru þetta mikilvægir þættir í hæfnimiððuðu skólastarfi. Þessi vinna átti að halda áfram í haust en vegna ákvörðunar Mennta- og barnamálaráðherra um að breyta námsmati í grunnskólum var þessari vinnu frestað af MMS, því miður.

Skólastjórnendur hafa setið fundi vegna innleiðingar tölustafa í stað bókstafa í námsmati og eru búnir að skipa teymi sem situr fundi MMS og skipuleggur innleiðinguna.

Skólastjórnendur hafa fengið tilkynningu um símafrí í skólum og munu funda um þá ákvörðun og skipuleggja innleiðingu.

Vinnufundir verða haldnir 1x í viku vegna aðalnámskrár og köllum við þá skólanámskrárfundi því þar erum við að vinna að mótun skólanámskrár Húnaskóla. Því þó svo margt í skólanámskrá sé þegar sýnilegt á vef skólans þá á eftir að yfirfara ýmislegt og skólanámskrá Húnaskóla þarf að byggja á Menntastefnu Húnabyggðar sem var samþykkt 11. ágúst í sumar.

Töluvert af kennurum tekur þátt í UTÍS 18. og 19. september.

Skólastarfið:

Valfög í 9. og 10. bekk eru fjölbreytt að vanda og enn meiri fjölbreytni þegar smiðjur á valgreinadögum grunnskólanna í Húnaþingi eru taldar með, en að þessu sinni verður einungis einn sameiginlegur valgreinadagur hjá skólunum en hugmyndin er að fara í sameiginlega menningarferð til Reykjavíkur með 10. bekk eftir áramótin (sjáum hvort við höfum pening í það verkefni).

Uppbrotsdagar - Kennarar eru duglegir við að nýta það sem við höfum hér í Húnabyggð. Við erum að skipuleggja föstu gönguferðirnar í öllum árgöngum en skipulagið er búið að vera við lýði í nokkur ár. Eins er búið að nýta næsta nágreppi vel og verður notað áfram. Margir kennarar eru með útikennslu í skipulaginu sínu allt árið.

Íþróttir byrja alltaf úti á hverju hausti og er það einnig núna. Sundkennslan hefur ekki alltaf byrjað strax og þá allur hópurinn verið í útiíþróttatímum og svo fljótlega hafa sundtímar hafist. En að þessu sinni dregst það aðeins vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöð. Haft var samráð við skólann varðandi þessar framkvæmdir og allir skilja að viðhald krefst aðgerða.

Framkvæmdir hafa verið þónokkrar í skólanum í sumar og er þeim að mestu lokið. Þær stærstu eru ný ljós og kerfisloft í allar kennslustofur á efri hæð í Gamla skóla, ganga efri hæðar og á bókasafni. Nýjar hurðir og öryggislokanir eru komnar á kennslustofurnar í Gamla skóla og flest rými í Gamla skóla voru máluð. Það má því segja að efri hæð Gamla skóla hafi fengið algjöra yfirhalningu og ætti hljóðvist þar að vera orðin mjög góð. Einnig er búið að ganga frá uppsetningu á nýrri hurð í Nýja skóla. Sú gamla var búin að þjóna sínu hlutverki í 55 ár. Þessi nýja er með nýjustu tækni, opnun með hreyfiskynjara.

Á döfinni:

Kynningarkvöld fyrir foreldra eru fyrirhuguð 15. og 16. september. Þar verður fræðsla um snjalltæki, InfoMentor og fundir með umsjónarkennurum. Við vonumst til að sjá sem flesta. Foreldrafélagið er boðað til þátttöku og kynningu á sínu starfi.

10. bekk er boðið á Barnaþing SSNV fimmtudaginn 17. september í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Í ár verður þingið með aðeins öðrum hætti en áður þar sem það er samstarfsverkefni SSNV, ForNor, Öruggara Norðurlands og Farsældarráðs. Gestir þingsins verða fulltrúar Barnaheilla sem munu halda utan um vinnu á þinginu, en umfjöllunarefnið er samskipti í nánum samböndum ungmenna.

Heilsudagar í Húnabyggð eru 23.–30. september – Húnaskóli mun taka þátt eins og áður og er íþróttadagur skólans haldinn 24. september.

Göngum í skólann hefst núna 3. september.

Skúnaskrall verður haldið 21. október til 4. nóvember. Húnaskóli og Leikskóli Húnabyggðar munu að sjálfsögðu nýta sér allt sem verður í boði fyrir aldurshópana og svo verða þeir með sameiginlega sýningu í Hillebrandtshúsi 4. nóvember.